

Reykjavíkurborg, 31. mars 2021

Efni: Menningarstefna Íslands, athugasemd við drög í Samráðsgátt stjórnvalda

Arkitektafélag Íslands (AÍ) fagnar áhuga stjórnvalda á að koma á laggirnar Menningarstefnu Íslands en gerir athugasemd við drög að stefnunni sem nú eru aðgengileg í samráðsgátt stjórnvalda.

Í inngangi stefnunnar stendur eftirfarandi:

Stefnu þessari er ætlað að móta grundvöll lista- og menningarlífs í landinu næsta áratug og tryggja að það þrífist og dafni með sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar og þátttöku hennar að leiðarljósi.

Síðan eru talin upp fimm meginmarkmið stefnunnar. Vandamálið hér er að hvergi er lista- og menningarlíf í landinu skilgreint frekar. Stefnan er mótuð á grundvelli lista- og menningarlífs en þá spyrjum við: Hvað eru listir og menning? Hvar flokkast arkitektúr og hönnun í menningarstefnu stjórnvalda 2021-2030? Flokkast þau sem list? Ef svo er, af hverju er arkitektúr og hönnun þá ekki að finna á Listasafni Íslands eða það sem betra væri í Byggingarlistasafni Íslands?

Í tungumálinu eru listir engan veginn gegnsætt orð, en skilgreining á listum er einnig háð menningu og pólitík hvers tíma. Til þess að stefnan nái að þjóna þeim tilgangi sem hún á að þjóna er gríðarlega mikilvægt að byrja á grunninum og skilgreina vel hvað fellur undir ramma lista og menningar í íslensku samfélagi á okkar tímum. Arkitektúr er þverfagleg starfsgrein sem tekur á mörgum ólíkum þáttum eins og umhverfismálum, lýðheilsu, menningu, fagufræði, fjármálum og svo má áfram telja. Arkitektafélag Íslands veit að arkitektúr og öll hönnun á heima í Menningarstefnu Íslands og því leggjum við til að þessar stóru og mikilvægu starfsgreinar séu skilgreindar inn í stefnuna.